

Ed. 412. Frumvarp til laga [210. mál]
um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Bankaráði Samvinnubanka Íslands hf. er heimilt, að fengnu samþykki hluthafafundar, að stofna sérstaka deild við bankann, er nefnist Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að styðja verzlunarrekstur samvinnufélaga með hagkvæmum stofnlánnum, eins og nánar segir í 4. gr. laga þessara.

2. gr.

Stofnlánadeildin er sjálfstæð deild í bankanum, með sérstakri fjáraþbyrgð, er bundin sé við eignir hennar. Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans og hefur deildin sérstakt bókhald.

Bankaráð Samvinnubanka Íslands hf. hefur á hendi stjórn stofnlánadeildarinnar. Ákveður bankaráðið allar lánveitingar deildarinnar, að fengnum tillögum banka-
stjóra. Um starfsemi deildarinnar gilda almenn ákvæði laga um Samvinnubanka Íslands hf., eftir því sem við á.

3. gr.

Stofnfé stofnlánadeildarinnar er árlegt framlag Samvinnubanka Íslands hf., samkvæmt ákvörðun aðalfundar ár hvert, og skal það ekki vera lægra en fimm milljónir króna árlega fyrstu fimm árin, sem stofnlánadeildin starfar.

Önnur fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé, sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabankans.
2. Vextir.
3. Fé, sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

4. gr.

Stofnlánadeildin veiti stofnlán til byggingar verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis samvinnufélaga og fyrirtækja innan þeirra vébanda, sem verzlun stunda svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Enn fremur er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að veita ofangreindum aðilum lán til kaupa á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði.

5. gr.

Fjárhæð lána má vera allt að fimmtíu af hundraði af matsverði byggingar.

Byggingar skulu metnar til lántöku á kostnað lánbeiðanda, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Setja má og ákvæði í reglugerð um kannanir af hendi sérfróðra manna, sem stjórn stofnlánadeildarinnar getur óskað eftir í sambandi við umsóknir um lán. Má mæla þar svo fyrir, að slíkar kannanir fari fram á kostnað lánbeiðanda.

6. gr.

Lán má veita úr stofnlánadeildinni gegn öruggu veði í þeim byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, svo og váttryggingarverði þeirra, eða öðrum fullgildum fasteignaveðum.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um veðtryggingar, þ. á m. um váttryggingu á veðbundnum eignum, viðhald þeirra o. fl. Í reglugerð er heimilt að setja ákvæði um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánavísitölu, enda liggja fyrir almenn lög-gjöf, sem heimili slíka verðtryggingu.

7. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en tólf ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

8. gr.

Stjórn stofnlánadeildarinnar ákveður, að fengnu samþykki stjórnar Seðlabankans, vexti af lánum, sem veitt eru úr stofnlánadeild. Mega þeir vera breytilegir í tilteknu hlutfalli við almenna útlánavexti banka og sparisjóða.

9. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um umsóknir úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn.

10. gr.

Nú verða eigendaskipti að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni, og er stjórn hennar þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu. Skyld skal seljanda og kaupanda að tilkynna stjórn stofnlánadeildarinnar eigendaskiptin.

11. gr.

Nú er lán úr stofnlánadeildinni eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal að dómi stjórnar stofnlánadeildarinnar, eða nýr eigandi tekst eigi á hendur ábyrgð á láninu, og er stjórn stofnlánadeildar þá heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

12. gr.

Nú er veð selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber uppboðshaldara þá að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett stofnlánadeildinni, og skal stjórn hennar gert viðvart svo tímanlega, að hún geti falið fulltrúa sínum að vera viðstaddur uppboð.

13. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnlánadeildarinnar.

14. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal starfsemi deildarinnar hefjast á þeim tíma, er segir í reglugerð.

Athugasemdir við lögafrumvarp þetta.

Stofnlánadeildir hafa svo sem kunnugt er starfað um allan árabíl í þágu höfuðatvinnuveganna, laðnbúnaðar, sbr. nú lög nr. 75/1962, svo sem þeim er breytt með lögum nr. 31/1964, sjávarútvegs, sbr. nú lög nr. 41/1946 svo og lög nr. 58/1957, 30/1953 og 48/1961 og iðnaðar sbr. nú lög nr. 45/1963.

Með lögum nr. 48 frá 10. maí 1966 um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð) er komið á fót við Verzlunarbanka Íslands hf. stofnlánadeild til þjónustu við einkaverzlun landsmanna.

Forvígismenn samvinnuhreyfingarinnar hafa árum saman rætt um nauðsyn þess að koma á fót sérstakri stofnlánadeild til stuðnings samvinnuverzluninni í landinu. Til stuðnings þessu máli eiga við öll sömu rök og þau, er ráðið hafa stofnun lánadeilda til hagsbóta fyrir atvinnugreinar þær, sem nefndar eru hér að framan, að því viðbættu að telja verður með öllu óeðlilegt, að samvinnuverzlunin ein hafi engan aðgang að stofnlánum. Kostnaður við byggingu verzlunarhúsnæðis er orðinn geysmikill og má hiklaust fullyrða, að skortur á stofnlánnum hafi háð mjög rekstri samvinnufyrirtækja á undanförunum árum og hamlað á mólí eðlilegri framþróun í nýtzku vörudreifingu á vegum samvinnufélaganna.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að mestu sniðið eftir lögum hér á landi um stofnlánasjóði eða stofnlánadeildir og er helzta fyrirmyndin lögín um stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja nr. 48/1966. Eins og í þeim lögum er ekki óskað eftir ríkisábyrgð eða neins konar fjárhagslegri fyrirgreiðslu ríkisvaldsins. Stofnlánadeildin er hugsuð sem sjálfstæð deild með sjálfstæða fjárábyrgð, sérstakar fjárreiður og sjálfstætt bókhald. Tengslin við bankann eru allt að einu skýr. Stjórn bankans er jafnframt stjórn stofnlánadeildarinnar og tekur ákvarðanir um lán úr deildinni. Stofnlánadeildin verður til húsa í bankanum og nýtur fyrirgreiðslu hans í hvívetna.

Leitast verður við að finna stofnlánadeildinni öruggan fjárgrundvöll. Kemur þar bæði til framlag Samvinnubanka Íslands hf. svo og fé, sem fengið verður með sölu vaxtabréfa, og enn fremur lán, sbr. 3. gr. frumvarpsins.